

REGLUR

um breytingu á reglum um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við
nemendur o.fl. og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds, nr.
244/2014.

1. gr.

Viðauki II við reglurnar orðast svo:

Viðauki II.

Sundurliðun á þjónustugjaldi fyrir Háskólabrú.

Kostnaður á nemanda	Upphæð	Skýring
Heildarkostnaður samtals	1.298.190 kr.	
<i>Þar af:</i>		
Kennslukostnaður	873.491 kr.	Laun kennara, verktakar og umsjón
Húsnæði og búnaður	129.672 kr.	Leiga, afskriftir og tækjabúnaður
Námsráðgjöf og stoðþjónusta	112.686 kr.	Sérhæfð ráðgjöf fyrir aðfaranám
Umsýsla og önnur þjónusta	182.342 kr.	Skrifstofa, markaðsmál og tæknikerfi
Framlag ríkissjóðs á nemanda	(925.000 kr.)	Sérstakt framlag vegna aðfaranáms
Gjald nemanda	373.190 kr.	
Gjaldskrá eftir umfangi náms:		
Umfang námsleiðar	Einingafjöldi	Gjald fyrir námið*
Lágmarksumfang	73 einingar	290.000 kr.
Hámarksumfang	97 einingar	384.000 kr.

* Gjald fyrir aðrar útfærslur eða stök námskeið reiknast hlutfallslega út frá þessum viðmiðum.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við 71. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í c-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 22. janúar 2026.

Silja Bára R. Ómarsdóttir.

Magnús Jökull Sigurjónsson.

B deild - Útgáfudagur: 6. febrúar 2026